

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## SORPA Álfsnesi Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	4.7.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	SORPA Álfsnesi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Álfsnes	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5105881189	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Gnýr Hjarðar	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ásbjörn Einarsson	<b>Staðsetning</b>	366624,722 412355,277

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik og en ein athugasemd var gerð við starfsemina varðandi atvik sem brugðist hefur verið við og bætt úr.

Reglulega berast lyktarkvartanir frá íbúum Mosfellsbæjar vegna lyktar frá urðunarstaðnum og vinnur rekstraraðili samkvæmt áætlun til að draga úr lyktinni.

### UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á að fara yfir skráningar skv. grein 5.1 í starfsleyfi.

Rætt var um eftirlit með böggðuðum úrgangi en úttekt er gerð á honum reglulega til að skoða innihald bagganna. Auk þess er tekið á móti lífrænum úrgangi sem meðhöndlaður er í Gými og lífdíselframleiðslu. Verið er að undirbúa nýtt svæði til urðunar austan við núverandi urðunarsvæði og gert ráð fyrir að það verði tekið í notkun í apríl 2017. Unnið er að kortlagningu á yfirborðshæð og sigi urðunarstaðarins og gert ráð fyrir að þeirri kortlagningu verði lokið fyrir 1.maí 2017. Safnþró var hreinsuð um mánaðarmótin apríl - maí sl.

Farið var yfir mengunarmælingar frá síðasta eftirliti (sbr grein 5.2 í starfsleyfi). Efnamælingar voru gerðar á sigvatni 26.apríl sl. Til viðbótar við venjubundinn sýnatökustað voru einnig tekin sýni í tanki austan megin við veginn (frá haug) og úr frárennsli frá Gými (móttöku fyrir lífrænan úrgang). Þá hafa mælingar á grunnvatnsstöðu og hitastigi verið gerðar mánaðarlega í borholum frá október 2015 en ekki var unnt að gera mælingu í nóvember og desember vegna frosts. Nýjar borholur ÁN-12 til ÁN-15 voru mældar í fyrsta skipti í maí og júní 2016 en ekki var unnt að mæla í þremur eldri holum, þ.e. ÁN-2, ÁN-5 og ÁN-11 vegna gróðurmyndunar.

Þá var rætt um skýrslugjöf skv. grein 5.4 í starfsleyfi. Rætt var um fyrirkomulag skýrsluskila og óskaði rekstraraðili eftir samræmingu milli urðunarstaða. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til Umhverfisstofnunar á réttum tíma. Þá voru niðurstöður efnamælinga og vatnshæðar afhentar í eftirlitinu.

Farið var yfir viðbrögð við lyktarkvörtunum og aðgerðir til að lágmarka lykt frá urðunarstaðnum. 10 kvartanir höfðu borist frá lok apríl 2016. Endurbætur hafa verið gerðar á úðunarkerfi yfir urðunarhauginn en nú er úðað er vatni þrisvar sinnum á dag yfir hauginn með affallsvatni úr gashreinsistöðinni. Unnið er samkvæmt áætlun til að draga úr lyktarmengun. Unnið er að tengingu loftræstingar frá lífdíselframleiðslulínunni. Búið er að ganga frá yfirborðslagi við Gými 1 en beðið eftir nægilegu sigi áður en svæðið verður malbikað. Gert er ráð fyrir að þeim framkvæmdum ljúki í október nk. Þá er unnið að sjálfvirku úðakerfi í Gými 2 og ráðgert að það yrði komin í gagnnið í lok júlí. Viðbúið er að forval úr tilboðum fyrir tæknilausnir á gas og jarðgerðastöðinni verði lokið nú í lok júlí og gert ráð fyrir að framkvæmdum við hana ljúki um mitt ár 2018.

Að lokum var rætt um fyrirkomulag opins kynningarfundar en skv. starfsleyfi skal hann haldinn nú í ár. Umhverfisstofnun vinnur að breytingum á fyrirkomulagi þessara funda sem felur í sér að Umhverfisstofnun boðar til fundarins og kynnir fyrirkomulag og niðurstöður eftirlits. Þá var minnt á árlegan samráðsfund og rætt um að næsti samráðsfundur skuli haldinn fyrir lok árs 2016.

Endað var á skoðunarferð um urðunarstaðinn. Við móttökukliðið voru nokkrir bambar með glýseroli sem ætlaðir eru í lífdíselframleiðslu. Ekið var um urðunarreinarnar og skoðaðar aðstæður við yfirborðsfrágang og gassöfnun. Einnig var litið á fyrirhugaða staðsetningu á nýrri urðunarrein og móttöku á framleiðsluúrgangi GMR Endurvinnslu sem var heimiluð til bráðabirgða. Snyrtilegt var um að lítast á urðunarstaðnum.

### ATHUGASEMDIR

Óhapp varð í vor þegar stíflun varð í safnþró þannig að flæddi yfir í settjörnina. Mengaða fráveituvatninu var dælt upp aftur og sett í niðurgrafinn gám og er nú endurnýtt til úðunar á urðunarhauginn.

### ANNAÐ

Á eftirlitsfundinum gerði rekstraraðili tillögu að gerðar yrðu mælingar á vatnshæð í holum ÁN-4, ÁN-9, ÁN-10 og ÁN

-13 til ÁN-15 og í OR holu en að efnamælingar yrðu gerðar í holum ÁN-4 og ÁN-12 til ÁN-15. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þessa tillögu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.09.2016

  
Halla Einarsdóttir  
Halla Einarsdóttir